


JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Nr. 125

Febrúar 2013

Fréttabréf



Gunnar Hjaltason

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Jöklarannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 26. febrúar 2013 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

Efni fundarins: Hefðbundin aðalfundarstörf.

Að loknum aðalfundarstörfum mun Ólafur Ingólfsson segja frá jöklunarsögu Svalbarða og Barentshafs.

ADALFUNDUR

Aðalfundur Jökларannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 26. febrúar 2013 kl. 20:00 í sal 132 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Kjör heiðursfélaga (engar tillögur hafa borist)
3. Skýrsla stjórnar
4. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar
5. Lagabreytingar (engar tillögur hafa borist)
6. Kosning stjórnar
7. Kjör valnefndar
8. Kosning endurskoðenda
9. Önnur mál

Að aðalfundarstörfum loknum og eftir kaffihlé mun Ólafur Ingólfsson segja frá rannsóknastörfum sínum er varða jöklunarsögu Svalbarða og Barentshafs.

JÖKLUNARSAGA SVALBARÐA OG BARENTSHAFS

Á jökulskeiðum Ísaldar byggðist hvað eftir annað upp mikill jökulskjöldur sem þakti Svalbarða og Barentshaf allt austur til Taymyr í vesturhluta Síberíu. Þar sem stór hluti þess svæðis sem jökullinn þakti er í dag á hafsbotni hefur verið töluvert snúið að kanna og skilja sögu þessa mikla jökuls. Í erindinu verður fjallað um rannsóknir á jöklunarsögu svæðisins, með áherslu á Svalbarða, hvernig staðið er að rannsóknarleiðöngurum til einangraðra svæða, og hvaða þekkingu þessar rannsóknir hafa skilað á undanförunum árum.

Ólafur Ingólfsson



Mynd: Ólafur Ingólfsson

KÚNSTIR NÁTTÚRUNNAR

Söngvísur og svipmyndir

Aldarslagur Sigurðar Þórarinssonar 1912-2012

Í tilefni af aldarafmæli Sigurðar Þórarinssonar á síðasta ári þá hafa Jöklarannsóknafélag Íslands, Hið íslenska náttúrufræðafélag og Ferðafélag Íslands gefið út tveggja diska safn söngva og myndefnis sem tengist Sigurði. Í safninu eru tveir diskar, hljóð- og mynddiskur, auk 47 síðna myndskreytts bæklinga með öllum söngtextum ásamt skýringum. Í bæklingnum eru einnig yfirlit um helstu viðburði í lífi Sigurðar og nokkrar línur um söngsmíðar hans, auk ítarlegs formála um Sigurð.

Á hljóðdisknum eru 32 söngvar: þar af 14 af vínillötunni “Eins og gengur” frá 1982, 9 söngvar frá 60 ára afmælishátíð Ferðafélagsins 1987 og loks 9 söngvar sem hljóðritaðir voru síðastliðinn nóvember í tilefni útgáfunnar og aldarafmælisins. Á mynddisknum eru 3 myndskíð: heimildarmynd frá 1994 um störf Sigurðar “Vísindin efla alla dáð: Rauða skotthúfan”, sjónvarpsþáttur frá 1982 “Svo endar hver sitt ævisvall” með átta Bellmansöngvum, og loks sjónvarpsþátturinn “Sigurðar vísur Þórarinssonar” frá 1992 með sjö lögum við texta Sigurðar.

Diskasafnið verður ekki í almennri sölu en félögin sem að útgáfunni standa bjóða félagsmönnum og áhugasömum að eignast þennan veglega grip fyrir kr. 4.000,-. **Diskurinn verður jafnframt til sölu á aðalfundi Jöklarannsóknafélagsins** auk þess að inn á vefsíðu félagsins „<http://www2.jorfi.is>“ eru upplýsingar um hvernig skal bera sig að við að eignast hann.



GJÖRFÍ

Gönguferðir GJÖRFÍ, gönguhóps Jöklarannsóknafélagsins, eru á allra færi og eru að jafnaði farnar annan hvern þriðjudag kl. 18:00. Í forsvari fyrir hópnum eru Ástvaldur Guðmundsson, Jósef Hólmjárn og Þóra Karlsdóttir. Dagskráin fram á sumarið er hér að neðan. Munið ennisljósinn og gönguskiðin eftir því sem við á!


<u>Dags.</u>	<u>Áfangastaður</u>	<u>Brottför</u>
19. feb.	Ellíðaárdalur	Félagsheimili
5. mars	Bláfjöll	Shell Vesturlandsvegi, skíðaganga
19. mars	Rauðhólar	Shell Vesturlandsvegi
6. apríl	Auglýst síðar	Skíðaganga, brottför kl. 10 á laugardegi
16. apríl	Hvaleyrarvatn	N1 við lækinn í Hafnarfirði
30 apríl	Keilir	N1 við lækinn í Hafnarfirði
18. maí	Suðurstrandarv. / Selatangar	Nesti Fossvogi kl. 10 á laugardegi
28. maí	Úlfarsfell	Shell Vesturlandsvegi
11. júní	Viðey	Sundahöfn, tímasetning auglýst síðar
	Sumarfrí	
20. ágú.	Helgufoss	Shell Vesturlandsvegi

SPORÐAMÆLINGAR HAUSTIÐ 2012

Árið 2012 var hið 17. í óslitinni röð hlýindaára. Svo langt tímabil þar sem öll árin eru hlýrri en meðalhiti viðmiðunartímabils (að minnsta kosti á sumum veðurstöðvum) þekktist ekki fyrr í sögu veðurmælinga héraendis og þótt víðar væri leitað. Eðlileg afleiðing þessa er að allir jöklar rýrna nú og margir örur en nokkur önnur dæmi eru um í sögunni.

Mæliniðurstöðum hefur verið skilað frá 43 mælistöðvum fyrir árið 2012. Meira en fimmtíu einstaklingar fóru til mælinga og er það föngulegur hópur sjálfboðaliða. Einstaklega slæmt hausthret gerði 10. september og setti mikinn snjó niður norðanlands. Þeir jökulsporðar sem ekki höfðu verið mældir þá þegar koma ekki úr kafinu fyrr en næsta sumar og verða því ómældir þetta árið. Einhverjir voru þó svo forsjálar að mæla rétt fyrir áhlaupið.

Þrátt fyrir hlýindi og eldfjallaösku mældust þrír jöklar framur en í fyrra og þarf það sérstakra skýringa við. Heinabergsjökull endar, eins og oft hefur verið tekið fram, í djúpu lóni og vakkar því fram og aftur hálfvegis á floti og kelfir í lónið. Hann er því ekki í nánu jafnvægi við veðurfarið og afkomu jökulsins. Að því rekur að jökullinn styttist rök-



Mynd: Línurit af breytingum á Svínafellsjökli í Öræfum í 80 ár (1932-2012). Lína er sérkennilega sagtennt sem þýðir ör skipti milli framgangs og hops.

lega eins og Hoffellsjökull er nú byrjaður að gera eftir aldar kyrrstöðu. Sporður Skálafellsjökuls mældist einnig framur en í fyrri en þar er við mælingavandkvæði að eiga með Kolgrímu í milli svo að talan skal tekin með fyrirvara. Svínafellsjökull mældist 1 m framur en í fyrri en það er nánast innan mæliskekkju og má teljast óbreytt þetta árið. Þessi merkilegi jökull á það til að flakka dálítið fram og aftur (sjá sagtennt línurit á mynd) þótt hann sé sama sinnis og aðrir jafngangsjöklar þegar til lengdar lætur.

Lengdarmet þessa árs á Skeiðarárjökull vestanverður með 190 m hop. Þess er að vænta að lengstu jöklarnir styttest mest. Steinholtsjökull er ekki langur jökull en styttest þó um 235 m á tveim árum. Það skýrist af því að nú hefur jökullinn ekið fram af sér grjótnylsnuhaugnum sem féll á hann úr Innstahaus fyrir tæplega hálfri öld. Þar sem jökullinn skilur við bröttustu brekkuna er kominn kyrkingur í hann og annar hann alls ekki að skila fram nógum ís til að halda við hinni flötu jökultungu þar fyrir neðan.

Oddur Sigurðsson

SKÁLAGJÖLD 2013

Á fundi stjórnar Jöklarannsóknafélagsins 7. janúar síðastliðinn var samþykkt að gjaldskrá fyrir gistingu í skálum félagsins árið 2013 hækki lítilla frá fyrri ári og verði sem hér segir:

	Félagsmenn kr/nótt/mann	Utanfélagsmenn kr/nótt/mann
Grímsfjall	2.200,-	3.000,-
Jökulheimar	1.800,-	2.500,-
Esjufjöll	1.800,-	2.500,-
Aðrir skálar	1.200,-	1.700,-

Eins og áður er tekið við skálabókunum og -fyrirspurnum í netfanginu: ”jorfiskalar@gmail.com”.

FÆKKUN PRENTAÐRA FRÉTTABRÉFA

Til að spara pappír, prentun og póstburðargjöld þá vill stjórn Jökларannsóknafélagsins biðja þá sem geta hugsað sér að afþakka fréttabréfið á pappírsformi og fá það þess í stað sent í tölvupósti að senda tölvuskeyti þess efnis á Hálfðán Ágústsson: halfdana@gmail.com með netfangi sem óskað er að fréttabréfið berist til.

Útg. JÖRFÍ, Pósthólf 5128, 125 Reykjavík / Ábm. Hálfðán Ágústsson